

Alþingi - Nefndarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 140/748
komudagur 9.12.2011

140. löggjafarþing 2011 – 2012.
Þingskjal 21 – 21. mál.

**Umsögn félagsmálaráðs Akureyrarbæjar um tillögu til þingsályktunar um
reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni.**

Félagsmálaráð Akureyrarbæjar styður framkomna þingsályktunartillögu um að Alþingi álykti að fela heilbrigðisráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra (velferðarráðherra) í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga að koma á reglulegum árlegum heimsóknum í forvarnarskyni sem þjóðist öllum sem eru 75 ára og eldri til að hægt verði að veita þeim þjónustu strax og þurfa þyki svo að þeir geti búið sem lengst heima.

Greinargerð

Undanfarin ellefu ár, eða frá árinu 2000, hafa heilsueflandi heimsóknir verið fastur hluti af þjónustu við aldrað fólk á þjónustusvæði Heilsugæslustöðvarinna á Akureyri, þ.e. Akureyri, Eyjarfjarðarsveit, Grýtubakkahreppi, Hörgársveit og Svalbarðsstrandahreppi. Þjónustan felst í því að þeim sem eru 75 ára og eldri, búa á eigin heimili og njóta ekki heimahjúkrunar eða mikillar dagþjónustu, býðst að fá heilbrigðisstarfsmann í heimsókn til sín a.m.k. einu sinni á ári eða oftár sé eftir því leitað. Tilgangur þjónustunnar er að hvetja og styrkja fólk til að viðhalda heilbrigði, færni og sjálfstæði sem lengst og stuðla að öryggiskennd og vellíðan á eigin heimili eins lengi og mögulegt er. Einnig að veita upplýsingar um félagsstarf og þjónustu sem í boði er í sveitarfélaginu, veita ráðgjöf og meta í samráði við íbúa hvernig gengur að takast á við daglegt líf á sem bestan mögulegan hátt miðað við aðstæður hvers og eins.

Fyrirmynd þjónustunnar er komin frá Norðurlöndum en með heimsóknunum er m.a. leitast við að veita öldruðum upplýsingar um þá þjónustu sem þeim stendur til boða hvað varðar t.d. heilsugæslu, heimaþjónustu, réttindi almannatrygginga, ýmsa félagslega þætti, tómstundaiðju o.fl. Þá er leitast við að greina áhættuþætti varðandi heilsufar og veita ráðleggingar um fyrirbyggjandi aðgerðir, s.s. um slysavarnir, beinvernd, mataræði og hreyfingu. Í heimsóknunum er lögð áhersla á ráðgjöf og stuðning og stuðla þannig að áframhaldandi frumkvæði og ábyrgð viðkomandi. Rannsóknir sýna að þjónusta sem þessi eykur sjálfstraust og stuðlar að bættri andlegri líðan.

Þjónustan er greidd af Heilsugæslustöð Akureyrar en framkvæmdin á höndum Búsetudeildar Akureyrarbæjar. Hún hefur gefist mjög vel og er orðin sjálfsögð og nauðsynlegur hluti af félags- og heilbrigðisþjónustu svæðisins við eldri borgara.

Virðingarfyllst,
f/h félagsmálaráðs Akureyrarbæjar

Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri Búsetudeildar,
Margrét Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri